



Ársreikningur 2015

*Eftirlaunasjóður FÍA
Borgartúni 19
105 Reykjavík*

Kennitala: 650376-0809

EFNISYFIRLIT

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda.....	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7-14
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	15
Fjárfestingarstefna Eftirlaunasjóðs FÍA 2016 - Útdráttur.....	16
Stjórnarháttayfirlýsing Eftirlaunasjóðs Atvinnuflugmanna 2016.....	17-18

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Meginstarfsemi sjóðsins

Eftirlaunasjóður FÍA starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

Starfsemin á árinu

Alls greiddu að meðaltali 623 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 1.318 milljónum kr. og hækkuðu um 15,4% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 771,6 milljónum kr. og hækkuðu um 5,4% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 185 á árinu og í árslok 2015 áttu 961 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 9,1 milljónum kr. á árinu 2015.

Árið 2015 var farsælt ár fyrir EFÍA þegar á heildina er litið. Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 12,53% en var 5,33% árið 2014. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í innlánunum, skuldabréfum með ábyrgð ríkisins og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2015. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu heildarskuldbindingar sjóðsins 42.336 milljónum kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 45.775 milljónum kr. eða 8,07% hærri fjárhæð en skuldbindingarnar samanborið við 1,2% heildareigna umfram skuldbindingar árið 2014.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam 29.763 milljónum kr. í árslok 2015 og hefur hækkað á árinu úr 25.400 milljónum kr. eða um 4.363 milljónir kr.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Eftirlaunasjóður FÍA hefur gert samning við Arion banka hf. og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka hf. Arion banki hf. leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing Eftirlaunasjóðs FÍA er birt í heild sinni sem viðauki við ársreikning félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eftirlaunasjóðs FÍA staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2016

Í stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA


Sturla Ómarsson



Geirprúður Alfreðsdóttir


Kristín Björg Eysteinsdóttir


Bogi Nils Bogason


Kristján Egilsson

Framkvæmdastjóri


Snædís Ögn Flosadóttir

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eftirlaunasjóðs FÍA fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2015, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 27. apríl 2016

PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristinn Kristinsson
Löggiltur endurskoðandi

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2015

	Skýr.	2015	2014
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		317.721	274.791
Iðgjöld launagreiðenda		988.644	856.823
Framlag ríkis til jöfnunar á örorkubyrði		11.659	10.376
		<u>1.318.024</u>	<u>1.141.990</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	740.654	723.285
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		10.108	8.974
		<u>750.762</u>	<u>732.259</u>
Fjárfestingartekjur	4-5		
Tekjur af eignarhlutum		800.639	229.819
Vaxtatekjur og gengismunur		3.074.116	1.359.850
Breytingar á niðurfærslu		117	(1.836)
		<u>3.874.872</u>	<u>1.587.833</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	13	41.391	36.373
Vaxtagjöld		8	25
Önnur fjárfestingargjöld		10.323	9.351
		<u>51.722</u>	<u>45.749</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	13	27.954	23.801
		<u>27.954</u>	<u>23.801</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		4.362.458	1.928.014
Hrein eign frá fyrra ári		<u>25.400.121</u>	<u>23.472.107</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>29.762.579</u>	<u>25.400.121</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015

	Skýr.	2015	2014
Eignir			
Fjárfestingar	6-12		
Húseignir og lóðir		14.249	14.942
Verðbréf með breytilegum tekjum		11.302.011	8.582.206
Verðbréf með föstum tekjum		13.590.850	12.014.514
Veðlán		1.957.990	2.153.435
Bankainnstæður		1.962.743	2.363.612
Aðrar fjárfestingar		0	17.771
		<u>28.827.843</u>	<u>25.146.480</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		135.995	126.616
Aðrar kröfur		31.149	6.263
		<u>167.144</u>	<u>132.879</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		790.822	146.961
		<u>790.822</u>	<u>146.961</u>
Eignir samtals		<u>29.785.809</u>	<u>25.426.320</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir		23.230	26.199
Skuldir samtals		<u>23.230</u>	<u>26.199</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu líffeyris		<u>29.762.579</u>	<u>25.400.121</u>

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2015

	Skýr.	2015	2014
Inngreiðslur			
Iðgjöld		1.284.409	1.157.120
Fjárfestingartekjur		248.024	218.014
Afborganir verðbréfa		1.247.470	1.029.067
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		2.778.477	1.655.365
Seld verðbréf með föstum tekjum		958.919	73.315
Seld veðlán		91.506	100.604
Seldar aðrar fjárfestingar		17.771	0
		<u>6.626.576</u>	<u>4.233.485</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		750.593	732.157
Fjárfestingargjöld		2.556	3.511
Rekstrarkostnaður án afskrifta		80.206	66.805
		<u>833.355</u>	<u>802.473</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>5.793.221</u>	<u>3.431.012</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum		2.808.233	1.870.818
Keypt verðbréf með föstum tekjum		2.625.531	1.366.798
Ný veðlán og útlán		116.465	142.286
Bankainnstæður, breyting		(400.869)	45.118
		<u>5.149.360</u>	<u>3.425.020</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánnum		643.861	5.992
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>146.961</u>	<u>140.969</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>790.822</u>	<u>146.961</u>

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármáleftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða tóku gildi 11. mars 2015. Samkvæmt 52. grein þeirra reglna eiga þær að koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Í 52. gr. a. er lífeyrissjóðum heimilað að vinna ársreikninga vegna reikningsskila ársins 2015 í samræmi við reglur nr. 55/2000. Eftirlaunasjóður Atvinnuflugmanna nýtir sér þá heimild. Að auki skal í skýringum sjóða sem nýta sér heimildina veita upplýsingar um þóknarir og kostnað samkvæmt lið 3.7 Fjárfestingargjöld í 10. gr. reglna nr. 335/2015 og samkvæmt ákvæðum 40. og 41. gr. reglnanna.

Lífeyrissjóðurinn hefur endurskilgreint og endurflokkað bankainnstæður þannig að bankainnstæður sem eru í samræmi við fjárfestingarstefnu eru nú flokkaðar sem fjárfestingar en ekki færðar undir liðinn aðrar eignir. Þetta hækkar bókfærðar fjárfestingar í samanburðartölum sjóðsins um 682,1 milljónir kr. og eru aðrar eignir í sjóðnum þá að sama skapi lægri sem þessu nemur.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótveikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á sjóðinn.

1.3 Fjárfestingartekjur

Vaxtatekjur eru af verðbréfum með fastar tekjur, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

1.4 Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegar tekjur og verðbréf með fastar tekjur.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2015.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem færð eru til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra. Veðlán eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftarveikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Reiknuð er almenn niðurfærsla þar sem sérstök áhætta hefur verið metin.

Bankainnstæður á meðal fjárfestinga eru almennt bundnar til lengri tíma en 3ja mánaða. Stór hluti af bankainnstæðum eru innlán sem eru bundin í skemmri tíma, en sjóðurinn horfir á þessa bankainnstæðu sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2014. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

SKÝRINGAR

1.5 Kröfur á launagreiðendum

Kröfur eru færðar á nafnverði.

1.6 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum sem ekki eru talin til fjárfestinga.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Arion banka hf., samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Arion banki hf. annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Samkvæmt lögum um gjaldeyrishöft er lífeyrissjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2015, 2.337 milljónum kr. og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri fjárhæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 234 milljónir kr.

3. Lífeyrir

Greiddur lífeyrir greinist þannig:

	2015	2014
Ellilífeyrir	563.587	548.411
Örorkulífeyrir	96.408	100.179
Makalífeyrir	78.950	68.081
Barnalífeyrir	18.951	16.933
	757.896	733.604
Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða	(17.241)	(10.319)
	740.655	723.285

4. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:

Arður af innlendum hlutabréfum	92.062	99.078
Arður af erlendum hlutabréfum	0	194
Gangvirðisbreyting af hlutabréfum	706.541	126.391
Gengisbreyting af hlutabréfum	2.036	4.156
	800.639	229.819

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnstæðum	137.704	55.101
Gengismunur	6.338	(9.079)
Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa	2.926.692	1.307.619
Dráttarvextir	3.382	6.209
	3.074.116	1.359.850

Breyting á niðurfærslu greinist þannig:

Niðurfærsla 1.1	125.706	123.870
Breyting á niðurfærslu	(117)	1.836
Niðurfærsla 31.12	125.589	125.706

SKÝRINGAR

5. Áætluð umsýsluþóknun sjóða sem Eftirlaunasjóður FÍA hefur fjárfest í

	2015	2014
Meðalstaða eigna í innlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum	6.020.700	4.744.220
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun innlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóða	101.055	76.943
Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðsins	0,34%	0,30%
Meðalstaða eigna í erlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum	1.646.616	1.449.503
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun erlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóða	18.844	19.502
Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðsins	0,06%	0,08%

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og hins vegar hjá fagfjárfestasjóðum sem eru á lista frá Fjármálaeftirlitinu dags. 10. febrúar 2016. Áætlaður kostnaður sjóðanna er umsýsluþóknun þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Umsýslukostnaður sjóðanna er sem áður innfallinn í vaxtatekjum og gengismuni meðal fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að frádrögnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

6. Húseignir og lóðir

Húseignir og lóðir:

	Fasteignir		
Árslok 2014			
Bókfært verð í ársbyrjun	15.247		
Afskriftir	(305)		
Bókfært verð í árslok	<u>14.942</u>		
Bókfært verð í árslok 2014 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	18.009		
Uppsafnaðar afskriftir	(3.067)		
Bókfært verð í árslok	<u>14.942</u>		
Árslok 2015			
Bókfært verð í ársbyrjun	14.942		
Afskriftir	(693)		
Bókfært verð í árslok	<u>14.249</u>		
Bókfært verð í árslok 2015 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	18.009		
Uppsafnaðar afskriftir	(3.760)		
Bókfært verð í árslok	<u>14.249</u>		
Fasteignir sjóðsins í árslok 2015 voru eftirtaldar:			
	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Hlíðasmári 8	11.880	17.650	14.249

SKÝRINGAR

7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutabréf:	2015	2014
Skráð félög:		
BankNordik P/F	77.047	0
Eik fasteignafélag hf	44.138	0
Eimskipafélag Íslands hf	26.141	0
Hagar hf.	37.318	108.496
Icelandair Group hf	936.565	475.136
Marel hf.	315.271	60.813
Reginn hf.	0	51.381
Reitir fasteignafélag hf *	299.678	187.522
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	122.415	113.282
Síminn hf *	74.734	59.946
Tryggingamiðstöðin hf.	38.879	0
Vátryggingafélag Íslands	211.444	262.835
Össur hf	369.484	240.737
	2.553.114	1.560.148

* Síminn hf og Reitir fasteignafélag hf voru skráð á árinu 2015

Óskráð félög:		
ALDA Credit Fund slhf	10.000	0
Bakkastakkur slhf	51.997	953
Edda slhf.	66.093	20.610
Eignarh.fél Lífeyrissj. um verðbréfaþing ehf	68	68
FAST-1 slhf.	19.039	13.503
FSÍ Framtakssjóður Íslands GP ehf.	56	56
Hampiðjan hf.	0	111.192
Horn II slhf.	86.190	77.919
HSV eignarhaldsfélag slhf.	64.300	74.000
IEI slhf.	52.198	52.198
Innviðir fjárfestingar slhf	8.000	0
Jarðvarmi GP ehf.	82	82
Jarðvarmi slhf.	204.531	204.531
Kjölfesta slhf	33.995	26.995
Kvika banki hf	20.986	25.800
SF V slhf.	99.221	82.620
SF VI slhf.	100.478	60.315
SÍA II GP hf.	56	56
SÍA II slhf.	107.177	72.453
SRE II GP hf.	110	111
SRE II slhf	233.902	161.967
Stoðir hf	17.375	12.663
Veðskuld II slhf	63.774	44.642
	1.239.628	1.042.734
Eignarhlutar í innlendum félögum	3.792.742	2.602.882

SKÝRINGAR

7. Verðbréf með breytilegum tekjum, frh.

Hlutdeildarskrteini í innlendum verðbréfasjóðum:	2015	2014
Skuldabréfasjóðir:		
Landsbréf, Fyrirtækjabréf Landsbankans	22.863	9.504
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð	0	0
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur	310.214	400.726
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur	191.971	214.317
	<u>525.048</u>	<u>624.547</u>
Hlutabréfasjóðir:		
Stefnir - ÍS 15	4.093.825	2.237.634
Landsbréf, Global Equity Fund	111.686	108.618
Landsbréf LEQ UCITS ETF	96.608	66.684
	<u>4.302.119</u>	<u>2.412.936</u>
Aðrar fjárfestingar		
ALDA Equity Opportunity Fund	81.917	50.664
FSÍ Framtakssjóður Íslands slhf.*	154.921	169.293
Stefnir - ÍS 5	558.089	1.039.940
Landsbanki Currency Fund	19	18
Landsbanki Mezzanine Fund II	23.355	26.308
Landsbanki Private Equity II	64.013	93.665
Stefnir Íslenski Athafnasjóðurinn I	1.601	3.837
Stefnir - Lausafjársgjóður *	199.919	113.111
	<u>1.083.834</u>	<u>1.496.836</u>
Hlutdeildarskrteini í innlendum verðbréfasjóðum	<u>5.911.001</u>	<u>4.534.319</u>
* FSÍ Framtakssjóður Íslands slhf. var færður úr flokknum Hlutabréf óskráð		
Hlutdeildarskrteini í erlendum verðbréfasjóðum:		
iShares MSCI World Ucits ETF (Dist)	0	46.942
JPMorgan Liq Funds - EUR Liquidity Fund	225.413	69.446
JPMorgan F Liq. Funds - USD Treasury Liq. Fund	224.262	107.746
Katla Fund Global Value	97.204	86.126
Katla Manager Selection - Global Equity EUR	704.158	1.062.079
SSgA World IDX EQ-I -USD	223.694	0
Stryx World Growth-In-USD	42.079	0
Wellington Global Research Equity	81.458	72.666
	<u>1.598.268</u>	<u>1.445.005</u>
Hlutdeildarskrteini í erlendum verðbréfasjóðum	<u>1.598.268</u>	<u>1.445.005</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum alls	<u>11.302.011</u>	<u>8.582.206</u>

SKÝRINGAR

8. Verðbréf með föstum tekjum

	2015	2014
Íbúðabréf	7.677.899	7.593.464
Ríkisbréf	1.556.355	1.354.612
Skuldabréf sveitarfélaga	213.870	246.428
Skuldabréf og víxlar lánastofnana	1.357.654	514.103
Skuldabréf fyrirtækja	2.724.893	2.300.874
Skuldabréf fjárfestingalánasjóða	60.179	5.032
	<u>13.590.850</u>	<u>12.014.514</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u>13.590.850</u>	<u>12.014.514</u>

9. Veðlán

Veðlán greinast þannig:		
Skuldabréf sjóðfélaga	1.931.790	2.093.655
Önnur veðlán	91.973	122.974
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(65.773)	(63.194)
	<u>1.957.990</u>	<u>2.153.435</u>

10. Bankainnstæður

Bankainnstæður	1.962.743	2.363.612
	<u>1.962.743</u>	<u>2.363.612</u>

11. Aðrar fjárfestingar

Fasteign í Hafnarfirði	0	17.771
	<u>0</u>	<u>17.771</u>

12. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:		
ISK	26.490.587	23.233.992
USD	1.085.516	574.862
EUR	1.151.338	1.311.318
GBP	23.355	26.308
DKK	77.047	0
	<u>28.827.843</u>	<u>25.146.480</u>
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:		
Eignir í íslenskum krónum	91,89%	92,39%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	8,11%	7,61%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

13. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun og launatengd gjöld	10.283	10.044
Tryggingafræðileg úttekt	2.748	2.061
Endurskoðun	2.071	2.053
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara	4.887	4.194
Húsnæðiskostnaður	909	510
Umsýsluþóknun til Arion banka hf.	41.336	36.471
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7.111	4.841
	<u>69.345</u>	<u>60.174</u>

SKÝRINGAR

13. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, frh.

Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

	2015	2014
Sturla Ómarsson, stjórnarformaður	2.717	2.717
Geirþrúður Alfreðsdóttir, stjórnarmaður	2.039	2.039
Kristján Egilsson, stjórnarmaður	2.039	2.039
Bogi Nils Bogason, stjórnarmaður	734	734
Kristín Björg Eysteinsdóttir, stjórnarmaður	734	734
Guðlaugur Ingi Sigurðsson, stjórnarmaður	143	61
Úlfar Heningsson, stjórnarmaður	82	102
Linda Gunnarsdóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd	82	102
Inga Lára Gylfadóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd	163	0
Magnús Brimar Jóhannsson, formaður endurskoðunarnefndar	102	82
Þorvaldur Þorsteinsson, í endurskoðunarnefnd	284	297
	9.119	8.907

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins vegna endurskoðunar á ársreikningi nam 2.071 þús. kr. Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af innri endurskoðun Arion banka hf., þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Arion banka hf. samkvæmt samningi.

Þóknanir til tryggingastærðfræðings greinast þannig (með vsk.):

Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu	1.077	1.069
Önnur þjónusta	1.725	1.069
	2.802	2.138

14. Tryggingafræðileg úttekt

Í apríl 2016 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðast við árslok 2015. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina, voru þær að endurmetin hrein eign sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda næmu 3.418,5 milljónum kr. umfram heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við árslok 2015. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2015 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Samtals 2015	Samtals 2014
Eignir:				
Hrein eign til greiðslu lífeyris	29.762.579	0	29.762.579	25.400.121
Núvirði verðbréfa	131.826	0	131.826	78.362
Fjárfestingarkostnaður	(893.272)	0	(893.272)	(853.151)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	16.753.433	16.753.433	14.345.266
Eignir samtals	29.001.134	16.753.433	45.754.566	38.970.597
Skuldbindingar:				
Ellilífeyrir	19.127.046	12.670.945	31.797.992	28.883.916
Örorkulífeyrir	1.174.309	1.163.447	2.337.755	2.282.866
Makalífeyrir	4.325.485	2.225.176	6.550.661	5.907.852
Barnalífeyrir	297.008	741.350	1.038.358	866.874
Rekstrarkostnaður	260.552	350.775	611.327	558.267
Skuldbindingar samtals	25.184.400	17.151.693	42.336.093	38.499.775
Eignir umfram skuldbindingar	3.816.733	(398.260)	3.418.473	470.822
Eignir í hlutfalli af skuldbindingum	15,2%	(2,3%)	8,1%	1,2%

SKÝRINGAR

15. Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Krafa sjóðsins vegna þessa er kr. 27.503 þús. kr. í árslok 2015.

	<u>2015</u>
Örorkubótasamkomulag vegna 2015 - Áætlað	16.991
Örorkubótasamkomulag vegna 2014	10.469
Örorkubótasamkomulag vegna 2012 - óinnheimt að hluta	43
	<u>27.503</u>

16. Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok	2.129.548	1.885.506
Heildarfjárfestingar	(1.555.999)	(1.318.908)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum	<u>573.549</u>	<u>566.598</u>

KENNITÖLUR

Fimm ára yfirlit

	2015	2014	2013	2012	2011
Ávöxtun					
Hrein raunávöxtun.....	12,53%	5,33%	9,56%	5,42%	2,37%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár.....	6,98%	5,45%	4,56%	(3,34%)	(4,06%)
síðustu 10 ár.....	1,93%	1,46%	1,52%	1,58%	0,66%

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	14,71%	11,24%	10,34%	13,62%	14,20%
Skráð verðbréf með föstum tekjum.....	44,81%	45,39%	47,61%	37,99%	41,29%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	24,43%	22,90%	23,76%	25,66%	7,77%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum.....	2,25%	2,41%	0,87%	2,42%	0,87%
Veðlán.....	7,01%	8,58%	10,04%	12,26%	14,55%
Bankainnstæður.....	6,80%	9,41%	7,38%	8,05%	21,32%
Aðrar fjárfestingar.....	0,00%	0,07%	0,00%	0,00%	0,00%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	91,89%	92,39%	92,46%	93,32%	93,00%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	8,11%	7,61%	7,54%	6,68%	7,00%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Fjöldi

Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga.....	623	572	576	585	562
Fjöldi lífeyrisþega.....	185	181	172	163	157

Hlutfallsleg skipting lífeyris:

Ellilífeyrir.....	74,36%	74,76%	77,32%	78,74%	77,01%
Örorkulífeyrir.....	12,72%	13,66%	11,38%	9,12%	10,62%
Makalífeyrir.....	10,42%	9,28%	9,18%	10,03%	9,64%
Barnalífeyrir.....	2,50%	2,30%	2,12%	2,11%	2,73%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt

Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	8,07%	1,22%	0,94%	(6,92%)	(10,16%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	15,16%	3,52%	2,50%	(10,62%)	(16,10%)

FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA 2016 - ÚTDRÁTTUR

FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að móta skuli fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Samkvæmt 37. gr. laganna skulu lífeyrissjóðir senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Eignir Eftirlaunastjóðs FÍA skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, samþykktum Eftirlaunastjóðs FÍA og samkvæmt reglugerð Fjármálaráðuneytisins.

FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA

Skipting verðbréfaeignar Eftirlaunastjóðs FÍA skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 2 og 3.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins.

FLOKKAR VERÐBRÉFA	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5%	0-20%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	35%	25-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%	0-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	5%	0-15%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10%	0-30%
Hlutabréf	30%	0-50%
Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	5%	0-10%
Önnur verðbréf	8%	0-30%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0-1%
Samtals:	100%	

Tafla 1. Flokkar verðbréfa.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Hlutabréf	30%	0-50%
Skráð innlend hlutabréf	20%	0-40%
Óskráð innlend hlutabréf	4%	0-15%
Erlend hlutabréf	6%	0-20%

Tafla 2. Hlutabréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Önnur verðbréf	8%	0-30%
Skuldabréf fyrirtækja	4%	0-15%
Erlend skuldabréf	2%	0-10%
Annað	2%	0-15%

Tafla 3. Önnur verðbréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

GRUNDVÖLLUR SJÓÐSINS OG HLOTVERK

Eftirlaunasjóður FÍA starfar í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Stjórnarhættir eru markaðir af starfsreglum stjórnar, samþykktum sjóðsins og áður nefndum lögum og reglugerðum. Stjórn hefur sett ýmsar reglur um starfsemina, starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar, samþykktir sjóðsins, samskipta og siðareglur og greining á hagsmunaaðrekstrum eru aðgengilegar sjóðfélögum á heimasiðu sjóðsins. Þar má jafnframt nálgast reglur sjóðsins um aðgerðir gegn peningaþvætti, útvistarstefnu og verklagsreglur um verðbréfavíðskipti EFÍA

Vald ársfundar í málefnum sjóðsins fer samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar eiga rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Atkvæðisrétt á ársfundi eiga sjóðfélagar sem greiða eða eiga geymd réttindi vegna iðgjaldagreiðslna í 2 ár og fer hver með eitt atkvæði.

Eftirlaunasjóður FÍA hefur gert samning við Arion banka hf. og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka hf. Arion banki hf. leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

STJÓRN, UNDIRNEFNDIR OG FRAMKVÆMDASTJÓRI

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins. Stjórn mótar fjárfestingastefnu sjóðsins og áhættustefnu og setur sér starfsáætlun. Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum sjóðsins.

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA skipa fimm stjórnarmenn, 3 tilnefndir af stjórn FÍA og 2 af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins. Jafnframt eru skipaðir jafn margir varamenn af beggja hálfu. Kjörtímabil stjórnarmanna er fram að næsta aðalfundi, gæta skal ákvæða um kynjahlutföll við skipun stjórnar. Stjórnarformaður er Sturla Ómarsson flugstjóri. Hann hefur átt sæti í stjórn EFÍA frá árinu 2010 fyrst sem meðstjórnandi en formaður stjórnar frá árinu 2013. Meðstjórnendur eru Geirþrúður Alfreðsdóttir flugstjóri en hún tók sæti í stjórn 2013, Kristján Egilsson fv. flugstjóri tók sæti í stjórn í lok árs 2009, Bogi Nils Bogason fjármálastjóri ícelandair hefur setið í stjórn sjóðsins frá árinu 2011 og Kristín Björg Eysteinsdóttir deildarstjóri í lögræðideild ícelandair frá árinu 2013. Varamenn eru Úlfar Henningsson, Inga Lára Gylfadóttir og Guðlaugur Sigurðsson, tilnefnd af FÍA. Íris Hulda Þórisdóttir og Hlynur Elíasson tilnefnd af atvinnurekendum. Formlegir stjórnarfundir voru 12 á árinu 2015, stjórn var í öllum tilfellum ákvörðunarþær.

Endurskoðunarnefnd leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga lífeyrissjóðsins. Hlutverk hennar m.a. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins og áhættustýringu hans, eftirlit með endurskoðun ársreikninga ásamt eftirliti með öðrum störfum endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd setur jafnframt fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og metur óhæði hans. Endurskoðunarnefnd fylgir eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram hjá innri og ytri endurskoðun. Endurskoðunarnefndin fundar að lágmarki tvisvar sinnum á ári og gefur árlega skýrslu til stjórnar. Endurskoðunarnefnd var skipuð af stjórn þann 27.05.2015 í henni sitja Inga Lára Gylfadóttir, Magnús Brimar Jóhannesson og Þorvaldur Þorsteinsson.

Lánanefnd Eftirlaunasjóðs FÍA er skipuð af stjórn og stjórn setur henni starfsreglur. Í lánanefnd sitja Snædis Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, Sigurður Örn Kristjánsson sérfræðingur viðskiptabankasviðs Arion banka og Haraldur Yngvi Pétursson sjóðsstjóri eignastýringar Arion banka. Lánanefnd starfar innan þeirra heimilda sem stjórn hefur sett henni með starfsreglum, lánareglum sjóðsins og þeirra laga sem gilda um neytendalán.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

STJÓRN, UNDIRNEFNDIR OG FRAMKVÆMDASTJÓRI FRH.

Framkvæmdastjóri sjóðsins frá 1. júlí 2015 er Snædis Ögn Flosadóttir. Framkvæmdastjóri starfar í samræmi við starfsreglur sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt og ber hann ábyrgð gagnvart stjórn á því að sjóðurinn starfi eftir þeim lögum og reglum sem um hann gildir. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og í samræmi við lög 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast upplýsingagjöf til stjórnar í samræmi við starfsreglur framkvæmdastjóra. Hann ber ábyrgð á því að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og reglur, að fjárfestingastefnu og áhættustefnu sem stjórn hefur sett sé framfylgt og skipulag innra eftirlits sé með þeim hætti sem stjórn hefur samþykkt. Ber hann jafnframt ábyrgð á því gagnvart stjórn að heildar áhættustýring sé fullnægjandi ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Framkvæmdastjóri heldur utan um verksvið, ábyrgðir og heimildir starfsmanna og tryggir að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti. Þá skal framkvæmdastjóri einnig móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit og fylgist með því að eftirlitið sé fullnægjandi og skilvirkt.

INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

Stjórn Eftirlaunastjóðs FÍA skjalfestir innra eftirlit sjóðsins árlega og setur jafnframt fram áhættustefnu þar sem greint er frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildaráhættustýringu sjóðsins í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2013 um áhættustýringu samtryggingaábyrgðar lífeyrissjóða. Áhættustefnan er sett til þriggja ára og helst í hendur við fjárfestingarstefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Áhættustýring Arion banka fylgist með því að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins og innan þeirra vikmarka sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Áhættustýring gerir ársfjórðungslega skýrslu um fjárhagslega áhættuþætti er snúa að sjóðnum sem lögð er fyrir stjórn. Árlega hefur áhættustýring umsjón með framkvæmd rekstraráhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti.

Innri endurskoðun er í höndum innri endurskoðanda Arion banka. Innri endurskoðun starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi sjóðsins. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu á innra eftirliti sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins. Innri endurskoðun leggur jafnframt mat á skipulag og virkni vöktunar stjórnenda, hvort heildaráhættustýring og innra eftirlit virki eins og til er ætlast. Stjórn sjóðsins er gerð grein fyrir meginniðurstöðum árlegrar endurskoðunar með skýrslugjöf.

Ytri endurskoðun er framkvæmd af löggiltum endurskoðanda PriceWaterhouseCooper sem starfar ekki í þágu lífeyrissjóðsins að öðru en endurskoðun og innra eftirliti. Markmið ytri endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glöggga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um starfsemina, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi lífeyrissjóðs.

Regluvörður leggur árlega fyrir stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um eftirlit með verðbréfavíðskiptum starfsmanna. Þá hefur stjórn sjóðsins tilnefnt regluvörð Arion banka sem ábyrgðarmann aðgerða lífeyrissjóðsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Skal regluvörður veita stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um framkvæmd reglna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eigi sjaldnar en árlega.

Víða í regluverki lífeyrissjóðsins er að finna ákvæði þar sem tekið er á hagsmunaárekstrum, s.s. í starfsreglum stjórnar, í starfsreglum fyrir framkvæmdastjóra og í verklagsreglum um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Þá eru til staðar hjá rekstraraðila reglur er varða hagsmunaárekstra og starfsmönnum rekstraraðila sem stafa fyrir sjóðinn ber að fylgja.

ÚTREIKNINGUR KENNITALNA

2015

Tryggingadeild

Fjárfestingartekjur nettó (þ.e. fjárfestingartekjur - fjárfestingargjöld)	F	3.823.150
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (þ.e. rekstrarkostnaður)	K	27.954
Hrein eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun	A	25.400.121
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	B	29.762.579

$$i = 2(F-K)/(A+B-(F-K))$$

i = nafnávöxtun = 14,8%

Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2015 421,0

Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2016 429,4

j = breyting á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar = 2,0%

$$r = ((1+i)/(1+j))-1$$

r = hrein raunávöxtun = 12,53%

Hrein raunávöxtun	2014	5,33%
Hrein raunávöxtun	2013	9,56%
Hrein raunávöxtun	2012	5,42%
Hrein raunávöxtun	2011	2,37%
Hrein raunávöxtun	2010	4,68%

Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar 6,98%